

HEIMIR

V. úrgangur

WINNIPEG, 1909.

7. blað.

Á Sunnudagsmorgni.

A Sunnudagsmorgni fögrum eg blundi værum brá,
því blessuð sólin vakti mig er gluggann skein hún á.
Og borgin grúfði hljómlaus, frá hversdagsstörfum frí.
Eg heyrði aðeins glamurhljóðið klukkunum í,
sem barst mér hvelt til eyrna frá kapellum og kyrkjum.

Þær boða mér sitt Evangélí sérhvern sunnudag.
Þær segja mér um kærleikann og spila fallett lag.
Og vilji eg altaf koma og læra lestur þann,
og látast bara trúa á guð og frelsarann,
þær segja eg verði sáluhólpinn söngmaður á himnum.

En eg vil ekki ganga í guðshús sólarlaust—
að gera að vetri sumar og breyta vori í haust.
Í kærleiksmáli „Orðsins“ oft kuldi napur býr,
því kenningin án verka er tál, sem enginn flýr,
þótt hólpinn þykist standa í helgri kyrkju sinni.

Vor musteri eru of háreist, en mannúðin of lág.
 Vor mentun er svo stór, en vor farsæld er svo smá.
 Og verkin miklu hyljast und vesaldómsins mynd,
 því veröldin sem forðum er ill og hlaðin synd,
 þótt enn þá hringi klukkur í kyrkjum fólk til tíða.

Æ, eg vil ekki halda til helgrar messu inn;
 í haldi fjögra veggja ei drotnar guðinn minn.
 Þótt ómi fólksins söngur og organs þunga spil,
 það ekki getur vakið mig sanna lífsins til,
 svo lengi sem þú, kyrkja, öllum lokar gluggum þínum.

Því vék eg út úr borginni og gekk í grænan skóg,
 þar glitra sá eg liljuna hvíta sem snjó.
 Og rós sem meyjar varir og roði aftans skær
 bjó rétt á móti bláklukku er lit frá himni fær.
 Öll blómin tárbot sabbatsljóð mót sólu þögl lásu.

Eg gekk mig inn í blómlund, sem greinum huldist af,
 og grænu laufin fléttuðu dulinn rúnastaf,
 sem geymir lífsins speki ef lesinn rétt hann er
 og leiðir þig til sannleikans ef mynd hans fylgir þér,
 því guð hann reit á laufin á lífsins fyrstu árum.


Og morgunblærinn andaði ilmi jurtum frá.
 Í unaðsleiðslu vaggast sérhvert blað og strá.
 Á greinum fuglar sungu um frelsi, líf og sól;—
 þeir fögru skógarenglar, þeir sungu til mín jól.—
 Þeir fluttu til mín barnsljúfa friðinn æskutíða.

Minn hugur fylltist lotning og helgri andagift,
 sem hversdagsbjargsins þyngd væri af sál minni lyft.
 Mér fanst mitt hjarta titra af heitum geislastraum,
 því hér bjó andi lífsins og breytti vöku í draum,
 en draumur sá var vakandi dreymdur, því eg skildi.

Eg skildi þá að guð ekki í skræðum fornum býr,
 eg skildi að guð er lífstraumur ævarandi nýr.
 Og viljir þú hann finna þá farðu ei kyrkju í,
 en findu hann í sjálfum þér og lífsafl því,
 sem þú og eg ert neisti af og þáttur óslístandi.

Þú finnur ekki sjálfs þíns guð í sögu nokkurs lands,
 þú segist bara trúa á fornar myndir hans.
 Hann breytist eftir þroska og viti voru og trú,
 þess veglegri sem guð þinn er, því betri og meiri ert þú.—
 Hið göfugasta í sál þinni er guð þíns lífs og dauða.

Þorsteinn Þorsteinsson.



FRAMSÓKN. *

—:O:—

„Deir fyrstu eru hinir síðustu og
 síðustu hinir fyrstu.“—Kristur



HÆRU VINIR.— Vér höfum oft fhugað stuttlega
 þá staðhæfingu að heiminum hafi skilað áfram. Og
 öll sömun játum vér þann sannleika, því það er ekki
 mál sem nokkrum blandast hugur um nú, hversu
 sem hann kann að sýna þá trú, og hversu samkvæm-
 ur sem hann kann að vera því álitni, í allri sinni breytni og
 gjörðum.

Það er líka eins og sannað huga vorum með daglegum við-
 burðum, því daglega horfum vér upp á stórkostlegar breytingar
 umskifti. Þegar vér segjum „í fyrra“ þýðir það tímabil með
 öðrum einkennum en nú. „Fyrir 10 árum,“ eða „fyrir 20 ár-
 um“, þýðir næstum algjöra breyting á öllu.

*) Sbr. orð er Hjörtur Leo víkur að Unstörum í grein nýskeð í „Sam.“ í árás á síra Fr Bergman. Eftirfylgjandi ræða var flutt í Unistar-kyrkjunni, nokkru fyrir nýár.

Til dæmis: hve mjög hefir ekki mannfélags skipulag vort breyzt á 20 ára tíma. Fámennið orðið að fjölmenni, strjálbýlið að þéttbýli, ungu ásjónurnar, er þá stýrðu byggða og borgar klið og studdu framsóknina tveim höndum, hafa nú elzt, hærzt um vanga og koll og aðrir nýir komið í þeirra stað, sem nú eru ungir.

Á þessum sama tíma hefir hugsunarhátturinn breyzt. Það eldgamla, er aldrei hafði spurst að gæti brugðist, sem óyggjandi speki, er gengið hefði að erfðum mann frá manni, alt í einu reynzt hverfult, og eins og Gusisnautar ekki horfið aftur til eigandans. En boðað honum feigð og dauða þess eldra með tilkomu nýrrar tíðar.

Þannig hefir það reynst með lífsútvegina. Þannig hefir það gengið til með félagsfræðina. Samfélagslíf manna þarf stöðugt að vera að bæta þann grundvöll sem það hvílir á, innleiða nýjar reglur, ný lög, nýja vigt og mælir, jafna verðgildi milli mannsins sem vinnur og mannsins sem etur, þess sem vefur og þess sem slítur, svo að það er næstum orðið að sannmæli viðsnúningurinn á orðum Prédikarans. „Ein gullvogin kemur og önnur gullvogin fer, en metaskálarnar vara eilíflega.“ Þannig er það með trúna.

Orðum og kenningum ýmsum hefir farið feiknamikið aftur, á ekki lengri tíma, og nýjar hugsanir eflast og vaxið vegur. Sé hugur manna engu hreinni en hann var, þá flýtur þó margfalt meira í straumi meðvitundar-alls almennings en áður. Hugsana ótti óhreinkar ekki þann straum nú eins mjög og áður, þó kannske óttinn í öllum myndum sé ekki alveg farinn. Menn sækjast eftir hugsana láni, — það er ekki óáþekkt barnaláninu gamla, — að hugsanin í heyranda hljóði auki búsaeld. En svo verður það ekki til farartálma þegar fram í sækir. Um leið og skoðun manna verður lögð til verðs verður verðið miðað við gæði.

Nokkrir munu nú ekki telja alla þessa breyting framför. Menn sakna ýmsra hluta, sem tapaðir eru eða eru að tapast í þjóðlífi voru. En ef vel er athugað, er ekkert sem eg fæ minst sem tapast hefir, er í eðli sínu gat heitið virkilegt og satt. Það

sem áður þótti gott og ánægjulegt í byggðar og borgar síðum, þar í sér veiklun, sýki, óheilnæmi, er leiddi til glötunar. Þannig mætti t. d. nefna ýmiskonar nautna og slark líf. Það gat staðið með blóma um stund, en það blómstraði og dafnaði upp af æskufjöri og heilbrigði, er það upp át og tærði, eins og illgresið tæmir frjósemi og gróður moldarinnar. Og fallna brjóstið og holu augun og tærði líkaminn og sjúka sálin varð viðverunarmerki, gaf til kynna að valið hefði að vísu verið val, en ekki viturlegt val né lándrjúgt fyrir komandi ár. Og þegar akurinn er allur þakinn illgresi er byrjað að breyta til, í því ásigkomulagi ber hann aldrei ávöxt.

Ýmsum finnst það sárt, að með breytingunni hefir margt misgengist, menn mist af samferðahópum, dregist aftur úr, mist af tókum er þeir áður höfðu á hlutunum, og nú orðnir meir sem vindhrakið laufblað. Menn neita að þetta sé framför, og í tilfelli til þeirra einstaklinga er það ekki framför. En það eru þeir sem sýna að framförin hefir farið fram, hjá þeim, en ekki að öðrum hafi ekki farið fram. Einmitt af því að öðrum hefir farið fram eru nú þessir eftir.

En hversu sem vér athugum vora eigin tíma þá hljótum vér að játa, að breytingarnar, sem fyrir oss verða, eru framfarir, og þær ekki litlar. Því, þótt í sumum tilfellum, það séu afturfarir, þá þýðir framförin afturför fyrir það sem Líúð er að fylla aldur sinn og getur ekki lengur samlagast breytingum tímans, eða fyrir það er aldrei hafði sannleika í sér fólginu. Það er satt sem gríska heimspekin kennir oss, að um leið og guð, það er líf og viðhald tilverunnar, er framsókn, áframhald, lífveitandi, þá er hann líka eyðandi eldur, er hreinsar, sópar burt, sundurleysir, það sem, af hvaða orsökum sem er, ekki fær fylgst með gróðri, viðgangi og framhaldi til fullkonnunar.

Vér játum öll framfarir, og segjumst öll trú á þær. En mikið skilur þó á milli hversu vér trúum á þær. Sumir trú á þær aðeins í tali, og það sem er meiri einfaldni álíta að það sé nóg, vilja ekki borga það sem krafan heimtar, laga huga sinn og starf þar eftir. Aðrir trú á þær af huga og hjarta, en fá þó ekki af sér að skorda líf sitt og framferði innan þeirra hugsjóna

Hvorutveggja er ónóg. Sá, sem á eftir er, sálarlega og verklega, verður eftir. Það er svo árciðalega satt.

Það ljótasta sem oss frjálstrúarimönnum er borið á brún er að vér trúum á breytingar og byltingar, vér höfum hjarta til þess að horfa upp á umbyltingar og svidasár er hljótast af viðsnúnu mannfélagi. Það er satt, vér trúum á breytingar, breytingar þær sem orsakast af eðlilegri framför og sá sviði og þau hjartasár sem sú breyting ollir, er oss ekki neitt tálmunar efni, en um leið alls ekkert ánægju efni. Því út á það ganga allar tilraunir vorra frjálssu mála að bæta úr þeim sársauka, mýkja þann sviða. Mýkja hann, með því að leiða menn inn á nýtt svið, veita nýtt yfirlit yfir tilveruna, nýtt traust á betra og breyttum heimi, fullvissuna að öllu góðu sé hættulaust að láta eftir lífsins lögnálinu sjálfu. Ut á það ganga allar prédikanir, alt félagslegt starf frjálstrúarheildarinnar.

Yfirlitið, sem vér reynum að koma inn, er ekki einstaklingskjörin, þar sem úrlausn gátunnar virðist næsta torveld, hvort jafnvel hvert einasta fót mál áfram sé ekki persónunni lífs eða efna tjón, því ver trúum því að í mannfélagsheildinni lifum vér, hver og einn, mikið meir en í einstæðingstilveru vorri, því vér trúum því, að með því að týna lífi sínu í allsherjar velferðar-málin, finni það hver maður, heldur er yfirlitið yfir allann heiminn, yfir veginn allann, sem farinn er, veginn allann frá því og fyrir tíð sögunnar. Gegnum það yfirlit sér maður alt af hvað öllu sönnu og góðu er óhætt í heiminum. Hve sporin eru áfram, hversu tæpt sem þau eru tekin. Hvert framsóknin stefnir með oss, mannfólkið, hversu sem sneiða sýnist um hagi einstaklingsins; að upp af hverju tári ris heilnæmari gróður, upp af hverju andvarpi regin-efld mótmæli gegn ranglæti og synd, og upp af hverjum blóðdropa aukin frelsis- og mannréttindi. Og við það yfirlit opnast líka augu manna fyrir því einmitt, að hugsunarhátturinn, aldarhátturinn, lífsmæti einstaklingsins, alt þetta, er vikja þarf eða dregst aftur úr og hverfur í framsókninni, hefir verið það, sem orsakað hefir fár og sár. Það er jötunaflið, sem á móti stríðir og berst fyrir sinni eigin tilveru, notar mennina sem verkfæri í þjónustu

Þess illa að vinna sjálfum sér tjón. Vor uppáhalds-góð eru skurð-góð, *kenningarnar*, trúin, Kfsstefnan, sem vér stýrum, eru djöflar, sem halda oss í álögum, blinda oss fyrir sannleikanum, og það vikur og þarf að vikja.

Vegna þess að vér unnum framförum, verðum vér að taka yfirlitið svona viðtækt, því það sættir oss við og sýnir oss réttmæti umbreytinganna, og að snúa baki við því að reyna að sjá það, er steinrenna, er að hafa um einlæg sár að binda eftir því sem eitt góðið eftir annað er tekið af stalli, er að glata nýtsemi sinni í mannkynsins stærstu og mestu málum. Hver sem ann framförum af hjarta, hann hlýtur að taka yfirlitið þannig. Eg álit, að það sé marg-sannað.

En þá komum vér að öðru, sem notað hefir verið til þess að ögra mönnum frá því að veita þessu yfirliti athugun, og það er, að með því sé verið að gleppja fólk á samtíðinni og færa það til baka út í yztu myrkur fornalda. "Únitara fara fram hjá Kristi, sýna honum virðingu, en ganga alla leið aftur til Confúsiusar, Zórásters og Búdda, og staðnæmast þar." Þetta hefir nýskeð verið sagt, eins og í nafni lúterska kirkjufélagsins hér vestra, af manni, er nú er við guðfræðisnám. Eg veit ekki hvort oss þarf að verða nokkuð hverft við þessa ákæru, því hún er útúrsnúningur á afstöðu vorri, alls ekki sönn, eins og allir vita, og þarf því ekki mótmæla við. Það sem oss furðar mest á, er, að nokkur skuli láta sér koma til hugar í nafni lærdóms, að fara með aðra eins fjarstæðu. En væri þetta satt, og til er ætlast að menn trúi því að það sé satt, á það að sýna, að vér unnum ekki framsókn og framförum, í sönnum skilningi, séum vér að keppa að því, að draga hugsunarháttinn til baka um 4 eða 3 þúsund ár, aftur til Confúsiusar, eða um 2500 ár til Búdda, eða Zórásters.

Auðvitað má alt af greina á um það, hvort stórvægilegur munur sé þar á milli, fyrir nútímann að binda hugsunarháttinn nú fastan við daga Abrahams, 4500 ár til baka, eða Mósesar, 3500 ár til baka, eða Krists jafnvel, 1900 ár til baka, að vér ekki tölum um Nóa og þá, sem voru í örkinni, eða á árunum "þegar risarnir voru á jörðinni", eða þegar Adam var rekinn úr garðinum, eða, svo

vér tókum til þeirra allra fyrstu birjun, bindum, hugaun og yfirlit; vort yfir hið góða, við persónu hans, "sem gekk um garðinn milli trjáanna í svala dagsins" og kallaði og hrópaði til þessara fáu manna, er þá voru á jörðinni, og gat ekki fundið þá, af því þeir voru í felum. Eg er á því, að sú guðshugmynd sé ekki mjög til frattists í framsóknarbaráttu manna, að hann sér ekki til mannanra; ef þeir standa a bak við tré, og þá ekki heldur sé þeir að baki ein-
 hvers annars manns og skýli sér þaðan.

Vér erum ekki og óskum ekki eftir að færa hugsunarháttinn til baka, en vér viljum að allir, er leitast við að fylgja með framförum, geti tekið sitt veraldar-yfirlit og dregið út frá því hvað heppilegast sé, hvað beri í sér vísir sannleika og réttlætis, framtíðar fullkominu og sönn gæði. En sé ekki nauðbeygðir að horfa að eins á eina stutta öld, yfir hvað gjörist á einu litlu landi. Þess vegna förum vér aftur fyrir Krist, af því líka vér viljum sækja fram fyrir hann nú.

Hefir oss hugsast það, eða höfum vér aðgætt það, að ef vér tókum eingöngu vort heimsyfirlit yfir tímabil ritningarinnar og Egyptaland, Palestínu og Assyriú, — biblíu-föndin—, og ætluðum oss að draga vora lífsspeki þaðan, frá því yfirliti, oss til halds og nota nú, ærlega skoðað gætum vér ekkert lagt upp úr framförnum í heiminum, því sú saga sleppir Gyðingabjóðinni eins fákunnandi, lídandi, undirokadri, óhamingjusamri eins og hún byrjar með hana. Þar sem þessi saga hennar byrjar, er hún í ánaud hjá Egyptum, höfð við púls- og þrælavinnum, barin áfram með svipum. Þar sem biblíusagan sleppir, er hún bannfærð og útlæg, borgir hennar brendar og í eyði, í hverjum gálga í landinu hangir Gyðingur, við hvern höggstokk flýtur blóð Gyðinga barna og kvenna, og sjálfir vegirnir um landið eru skiðgyrtir með krossum krossfesta manna. Ærlega skoðað, ef vér tókum biblíu-yfirlitið eitt oss til hjálpar, leiðbeiningar og vegvísunar nú, gætum vér ekkert lagt upp úr sannleikanum. Frá Genesis til Opinberunarbókar vinnur hann hvergi sigur. Í aldingarðinum bíður hann ósigur, mönnum er ekki sagt þar satt, og þegar þeir læra sannleikann, verður það þeim til gæfuráns. Fólkið patriarkanna, sem kallað er

réttlátt, e u hryllilegir skrælingjar. Spámenn, er mæla eiga rétt-
 lætinu bóð, eru eins og frávita menn. Til konungdóms Ísraels er
 valið með svikum og Davíð, er fer með undirmæli, reisir útlendan
 valdaflekk til þess að steypa tengdaföður sínum frá stóli. Spá-
 mennirnir, er sannleikann boða, eru líflátinir. Rödd trúarinnar
 talar á móti Makkabeumum, er leystu þjóðina eftir miklar hörm-
 ungar undan útlendri kúgun, og svo er þeim fyrir komið. Jóhann-
 es er hálfhöggvinn, Jesús er krossfestur, Stefán er grýttur fyrir
 utan borgarvegginn, Páll er líflátinn í Róm—og þar endar.

Mennirnir, er reistu rödd móti ranglæti, boðuðu frelsi, töluðu
 sannleika, sýndu göfgandi myndir manulegs ágætis, allir deyddir,
 og bergmálinu af orðum þeirra er drekt í háreystinni og hrópinu:
 "krossfestu, krossfestu hann." Það líða í því landi gegn um þá
 bók óp yfir dalina, en þau óp eru ekki bergmál sannleikans, heldur
 óttaðs, örvæntingarinnar og dauðans. Óp þeirra, sem eiga ekki í
 sálu sinni, í hugskoti sínu, í tilfinningaríki sínu "nokkurn konung
 nema keisarann", hörmungar óp og stunur ungra og gamalla í
 dauðatrygjum með glétuðu þjóðfrelsi og samvizkufrelsi. Launa-
 gleði sú, er keisariinn veitti sínum skuldbundnu að lokum.

Og enn fremur með því að binda sig eingöngu við yfirlit þeirra
 rita sem heimsyfirlit, getum vér ekki skapað oss þá mynd föðurs-
 ins alvís, að hann sé vitur og góður. Í *heildar-yfirliti* ber bókin
 alls ekki vott um *góðan* guð. Það er langt síðan að menn fundu
 það. Einn af gömlu Gnostikumum, Valentius, er uppi var nú fyrir
 rúmum 1700 árum, hélt því jafnt og stöðugt fram, að guð G.T. væri
 Djöfullinn sjálfur. Hann væri sá, er hefði vald þessa heims í
 hendi sér, veitti mönnum það eins og hann hefði sjálfur aflað þess
 með þrettum, undirmálum, brennum og blótum. Guð stekkur
 vatn yfir alla jörðina og afmáir allt fólk nema 8 réttláta. Og því
 verki er ekki fyr lokið og þessir 8 komnir á þurt land, en að þeir
 sýna, að þeir eru engu betri en hinir, er deyddir voru. Menn og
 þjóðir eru myrtar að hans boði, konungar tældir og sviknir eins og
 Sál, er var Ísraelsmanna fyrsti og fremsti sonur. Samkvæmt hans
 lögum eru börn líflátin, ungri konu er offrað sem brenniförn á
 altari hans. Önnur er tekin og höggvin í tólf stykki og hvert stykki

sent sitt til hverrar kynkvíslar. Og getur nokkur sagt, "í þessu fáum vér yfirlit yfir göfugustu hugsjónir mannlægs anda". Getur nokkur sagt, "með yfirliti því er þessi bók veitir mér sé eg algóðan og alvitran guð"?

Einhver segir, "hún sýnir ekki þetta yfirlit". Eg veit vel, að hún sýnir ekki þetta yfirlit frá kjöl og kápu, en lesta,—lesið. Hún sýnir ekki þetta yfirlit í kenningu meðhaldara sinna, er ekki taka anað yfirlit af heiminum en það, sem með hugviti fæst, þegar búið er að snúa hverri frásögu yfir í Æmisögu, eða líkingu, þegar búið er að lesa inn í þá líkingu nútíðarhugsanir. En það er ekki lengur biblían. Það er ekki biblían rituð á 900 ára tímabili fornaldarmannar.

Ef vér ættum að taka allt vort yfirlit þaðan, þá er "Prédikarans bók" bókin. "Allt er hégómi, verið ekki vísir um of, ekki réttlátir um of, völd, metarð, fátækt og auður, sannleikur, réttlæti, er allt eitt, einn hluti mannlægs lífs, fallvalt eins og það, því heimurinn er grafreitur, þar sem allt er grafið,—nema slægðin, er stjórnar láni og lífi manna".

Vér förum fram fyrir ritönguna í vort heims-yfirliti, vér förum fram fyrir Krist, um leið og vér sýnum honum lotningu, það er satt, honum ber ævarandi heiður, en ekki honum einum. Vér förum fram fyrir alla hina trúarhöfundana, þeim ber öllum heiður og lof, en þó ekki þeim einum. Vér förum til baka til þeirra, er kendu oss að plægja og sá, er kendu mönnum að byggja hús, smíða skip og sigla um sjóinn, er kendu mönnum að þekkja sína eigin mynd frá dýrunum, og greyptu mannlega fegurð í stein eða leir eða tré. Vér þekkjum ekki nöfn neinna þessara manna. Hvað fyrsti plógsmiðurinn hét, hvað fyrsti húsasmíðurinn hét, hvað fyrsti skipasmíðurinn hét getur ekki eilífðin sagt oss. En vér förum til þeirra, tókum þá inn í yfirlit vort yfir mannlegu framsóknina, og erum eins stoltir af að hafa þá með, telja þá eins og alla hina. En í þeirra umhverfi langar oss ekkert að lifa, reynum vér ekki að lifa og getum ekki lifað. En vér þurfum þeirra með í yfirliti vort, til þess að fullkomna myndina, skýra fyrir oss þann stóra, mikla og alvitra guð, er vér trúum á, þann völduga,

undursamlega heim, sem vér lifum í, þau máttugu lög, er alt verður að beygja sig fyrir.

Ef til vill voru þessir að ytri síðum og búningi menn, er oss myndi hrylla við nú, skrælingjar, klæddir dýraskinnum, hráætur, en í þeim bjó þrá framfaranna, andi hugvitsins, hin völduga spá manulegrar síðunar og b.t.unar í heiminum. Í brjósti þeirra bærdist draumur samleikans og þeir gjörðu drauminn virkilegan smámsaman.

Hve stór þáttur að plógurinn, húsið og skipið hefir verið í lífi og fránförum mannkynsins eins og það er nú, getum vér alls ekki sagt, en eg ætla að veða að fullyrða, að það þrent hefir gjört meira en það þrent, er vér álitum oft réttilega eitt hið allra mesta er vér menn eigum til í vorri síðmenningu: boðorð Mósesar, fjallræða Jesú, réttur og síðahót Prótanta. Ekki af því það alt hafi ekki mikið gjört og afar nauðsynleg orð talað til alls heims, heldur af því hitt hefir meira gjört fyrir líf, grið og víðkyningu manna.

Húsið hefir dregið saman karl og konu, fóstrað börn, alið foreldra og barna ást, gjört mannfélagið að mannfélagi í stað þess að það væri dýrafélag. Plógurinn hefir kent mönnum að hætta að stela og drepa sér til bjargar. Og skipið hefir kent oss alla fjallræðuna og "gullnu regluna", að menn eru allsstaðar menn, gæddir sömu gleði, háðir sömu sorgum, bræður og systur, um heim allan. Án þessara þriggja hluta væru öll boðorð, allar fjallræður, öll síðaskifti heimska. Til hvers er að segja mönnum að hætta að stela meðan þeir geta ekki lifað öðruvísi en að stela? Fara þeir á meðan að hætta að stela, og setjast heldur niður og deyja?. Til hvers er að segja mönnum að elska foreldri, bræður og systur, meðan þeir hafa engin kynni af þeim og vita ekki hver þau eru — engin heimili eru til? Til hvers er að segja mönnum að allir menn séu þeirra náungar, bræður og systur, meðan allur samgangur meðal þjóða er ómögulegur og hvorug þekkir aðra? Ekki til neins.

Og þess vegna staðnæmumst vér ekki hjá Móses, ekki jafnvel hjá Kristi, ekki hjá Lúter eða Kalvín, ekki hjá Channing. Í tilbeiðsla vorri og aðdáun á einum manni, er verið hefir afl til hins góða í heiminum, megum vér ekki gleyma, að vér skuldum öðrum,

fjöldi mörgum, þá sömu aðdæun, er verið hafa engu minna til hjálpar öllu jarðnesku, góðu.

Sá misskilningur, er vér ættum aldrei að láta festa rætur, hvorki hjá oss eða öðrum, og ekki vera óátalinn þar sem hann birtist, er að vér viljum flytja vora tíma, nútíðarhugsunarhátt, siðmenningu og mannfélag til baka til þessara manna og þeirra tíma, hverfa nútíð í fortíð sem elzta. Að af því vér horfum með aðdæun til Búddha, þá göngum vér fram hjá Jesú og viljum að vor nútíð geti sem mest líkst árinu 600 f. K. Eða af því vér litum vinarauga aftur fyrir Búddha til kinnverska spekingisins, og til mannsins inn á firðinum, sem var að telgja sér fyrsta bátinn er veröldin hafði séð, eða til bóndans er fyrst reyndi að láta dýrin hjálpa sér til við jarðyrkjuna, eða þess, er hlóð saman steinum og trjám og bygði sér fyrst hús, að þá viljum vér að öld vor færist til baka til þeirra. Það væri ekki eingöngu að óska þess að ónýta öll þeirra verk, heldur líka að snúa öllum heimi í spillingu og afturför.

Þótt eg gæti fært allan heiminn til baka á hvert það skeið sem væri, og þótt eg tryði því að Jesús hefði verið guð algóður og alvitur, þá vildi eg ekki vinna það til svo að allir fengi að sjá hann, að breyta vorri samtíð í samtíð hans, 20. öldinni í öld Rómverjanna. Með því líka, til þess að sjá guð þurfum vér þess ekki. Vér sjáum hann, sjáum hann allsstaðar í framrás og liferni þjóða, í blíkandi stjörnuhimni og eldi mannglegrar sálar.

Þótt vér tökum yfirlitið svona víðtækt, og ættum vér nú að vera búnir að fullsanna það, höfum vér ekki fornöldina í huga til þess að vor öld fái líkst henni sem mest, heldur höfum vér framtíðina í huga svo öld vor geti orðið fyrir hana eins og umliðin öld hefir verið oss til hjálpar. Vér eigum von á því, að nútíðin verði fornöld. Það er eiginlega það, sem felst í allri réttlætis-, menningar- og framfara-viðleitni manna. Að vera eitthvað fyrir sinn dag og daginn þar á eftir. Sá, sem ekki hugsar um það, hann hugsar ekki um neitt nema munn og maga, og hefir þó oftarmunnherpu og iðrakvöl en hinir.

Til þess að geta mælt dýrmæti mannglegrar framsóknar verða augu vor að vera opin og sjáandi til alls mannfélagsins, ekki smá-

heildar eða smábrotis. Og þá sér maður hversu öllu góðu er guðdómlega óhætt í heiminum, og hvar það nær sinni þýðingu. Og þetta verður bæði til hvata og betrunar öllum vorum áformum. Þessi lífskeðun er öllum framförum nauðsynleg, já öllu mannlegu lífi.

Hún kennir líka að meta réttilega hvað það sé, sem eflir framför. Það er ekki stórorrustur, ekki stjórnarbyltingar æfinlega, ekki ofsóknir, allra sízt fávær þringlandi eða grátandi og áklagandi skrifshöfðingi. Helzt ekkert, er allur fjöldinn heldur að sé öll undur veraldar. Nei, en það eru orð, sem víkja hugum til háleit: a hluta: athafnir, er geyma í sér frækorn dygða og kærleika, líkt og húsið, líkt og skipið. Með einu þviíku verki er oft flutt ný trú, er blæs lífi og vonar anda í brjóst þúsundum þúsunda, af því að með því er þeim gjört léttara að draga lífsandann og njóta hvíldar eftir þreyturíkan og áhyggjusaman dag. Sú athöfn, er ekki ætíð stór, ef til vill aldrei álitin stór, en hún er engu síður sönn, og í því eru framfarirnar að smá-athafnirnar séu sannar, séu hugarhreyting þeini, er ervitt veitist að lífa. Það ber í sér trú, ekki eingöngu til manna og lífsins í heild, heldur og til guðs og alls hins góða.



Félagsmálin.

Hið Unitaríska kyrkjufélag, eins og alkunnugt er, var sameinað aldamótaárið og samanstóð af söfnuðunum í Nýja Íslandi og Winnipeg og þeim öðrum einstaklingum, er unnu málefni félagsins og gengu inn. Upp að árinu sem leið var síra Magn. J. Skaftason forseti þess, en á þinginu, er haldið var í sumar, var herra S. B. Brynjólfsson kosinn. Kom til tals þá um afstöðu félagsins við Amerísku kyrkjuheildina. Vildu nokkrir að þess væri krafist að félagið væri sjálfstað deild, er hefði sín mál.

algjörlega með höndum, án allrar tilhlutunar frá aðalfélaginu.

Komst þetta til tals aftur á dögnum, er Rev. C. W. Casson frá Boston var hér í bæ, einn af stjórnarráði alsherjarsfélagsins, og féllst hann á að krafan væri ekki ósanngjörn, með því að embættismenn kyrkjufélags væs vissi að sjálfsögðu betur um sína hagi og hvers við þyrfti en menn austur á strönd.

Nú er svo að sjá að þetta sé að færast nokkuð í áttina, eða að íslenska hreyfingin sé að ná tiltrú og tilliti hjá allsherjarsfélaginu, því á síðasta fundi yfirkyrkjuráðsins er forseti kyrkjufélags væs, Hr. S. B. Brynjólfsson, kjörinn í nefnd þá er kölluð er „Committee on New Americans“. Starfsvið þeirrar nefndar er að ráða fyrir með útbreiðslumál og trúboðsstarfsemi meðal útlendinga í Canada og Bandaríkjum, og heyrir íslenska trúboðið undir þessa nefnd.

Þetta er í fyrsta skifti að Íslendingur hefir verið skipaður í framkvæmdarnefnd allsherjarsfélagsins og, eirs og vel á við, verið fengið eftirlit sem ráðanautur félagsins, með frjálstrúarmálum vorum Íslendinga hér í álfa.

Á síðasta fundi „Menningarfélagsins“, er haldinn var þann 27. Jan., var stjórnarnefnd félagsins kosin fyrir næstlomandi árshefning og hlutu þessir kosningu: Forseti, Stef Þhorson; Varafors., P. M. Clemens; Ritari-Féhirðir, Fr. Swansson; Meðráðendur, H. Pétursson og E. J. Árnason.

Ungfrú Steinunn Stefánsdóttir, skólakennari frá Gimli flutti fyrirlestur á þessum fundi, um skoðanastefnu þá, sem kölluð er „New Thought“. Skýrði hún mál sitt á þá leið, að margvíslegar skoðanir flokkuðu sig undir þetta nafn, þó sumar væri alls ekki nýjar heldur nokkurra þúsunda ára gamlar. En stefna sú, er í meginkenningunni feldist, væri að koma mönnum til að hugsa sjálftætt, þá að hugsa rétt, láta hinar fegurri ná yfirhönd yfir þeim óveglegri og þá næst að láta þær hugsanir stjórna lífi sínu og breytni. „Eftir því sem maðurinn hugsar svo er hann.“ Kemur það nokkuð heima við það sem eitt sinn var sagt á öðrum stað: „Góður maður framber gott úr góðum sjóði hjarta síns.“— Fundurinn var vel sóttur

Á næstliðnu ári hafa þessir fyrirlestrar verið fluttir á fundum félagsins: „Guðm. Friðjónsson“, Kristján Stefánsson; „Eitt er nauðsynlegt“, Síra Jóhann Sólmundsson; „Framþróun tegundanna“, Þorb. Þorvaldsson; „Hallfrædur Vandraða-Skóla“ Gísli Jónsson; „Hannes Hafstein“, Rögnv. Pétursson; „Kenning Sócialista“, B.B. Olson; „Hingað og ekki lengra“, Rögnv. Pétursson; „Útbreiðsluáferð Unitara“, Rev. C. W. Casson, frá Boston; „New Thought“, Steinunn Stefánsson.

Á hinum öðrum fundum félagsins hafa verið lauslegar umræður um ýmisleg efni.



Ad Hildur.

ÞEIR kögðu upp með nesti og nýja skó,
 Sem nentu útaf túngarð sínum forðum.—
 En þegar eg mig hingað heiman bjó
 Eg hafði aðeins blað með kveðnum orðum.
 Og mér fanst sjálfum að það vera voði
 Og vogun: hvað eg hafði smátt í boði.

En þökk sé ykkur, bæja og bygða menn
 Þið bragningar og kvæða-landsins datur,
 sem fundið geta yndisstundir enn
 Við íslenzk ljóð og hafði á þeim mætur.—
 Og þeim sem léðu óðnum mínum eyra,
 Þó ættu sjálfir ráð á betra og meira.

Og þegar astur eg er horfinn heim
 Í hreiðrið mitt í fjalla-auðnum víðum,
 Og rökkrið felur fegurðina á þeim
 Og forsælan er ofar miðjum hliðum,
 Eg tendra ljós frá þessum veizlu-vetri,
 Og veröld mín er unaðslegri og betri.

Stephan G. Stephansson.

VORTÓNAR.

Saga eftir

MAXIM GORKY.

Í gaðinum fyrir framan gluggan minn hoppa spörvarnir í blaðlausum greinum akasiu-trjánna og tala hver í kapp við annan; á þakburst nágrannahússins situr höfðinglegur hrafn og hlustar á tal þeirra, við og við hristir hann höfuðið ofur spekingslega. Loftið hlýtt og þrungíð af sólarljósinu ber hvert hljóð inn í herbergið til mín, og eg heyri á lengdar niðinn í lækjunum, sem eru bakkafullir í leysingunni; eg heyri skríði í greintunum og skil kvak dúfnanna, sem sitja í glugganum, og vorið fyllir sál mína með yndisfögnum söng.

“Tsjiri tsjirik,” segir gamall spörr við féлага sinn, “sjáum við þó ekki vorið enn þá einu sínni? tsjiri tsjirik.”

“Sannleikur, sannleikur,” sagði hrafninn.

Eg þekki hann vel, þenna látlausa fugl. Það, sem hann segir, er æfinlega stutt og ákveðið. Að náttúrufari er hann heimskur og þar að auki huglaus, eins og flestir hrafnar eru. Í fuglalífinu stendur hann framarlega og stofnar á hverjum vetri til velgerðaveizlur fyrir gamlar og farlama dúfur — og spörrinn þekki eg líka vel. Þó hann sé að ytri ásýndum léttlyndur og greiðvikinn, hugsar hann samt í rauninni mjög vel um sinn hag. Eftir útliti að dæma er hann fullur af undirgefni þar sem hann hoppar í kring um hrafninn, en undir niðri kann hann vel að meta hann, og gerir sér heldur enga samvizku af því að segja sitt af hverju napurt og ótuktarlegt um hann, þegar tækifæri býðst.

Í glugganum er umgur og spjátrungslegur dúfukarri að samfæra dálitla dúfu um, að hann hljóti að deyja af harmi, ef hún elski sig ekki.

“Hafið þér heyrt, herra hrafn, að spóarnir eru komnir?” segir spörrinn.

“Sannleikur — sannleikur.”

“Þeir eru komnir, og vella og flögna og gera óróa — hræðilega ónæðissamir fuglar! — og strax á hælunum á þeim koma lóurnar — eins og vant er, he, he! Í gær sagði eg við eina þeirra: Jæja, heillin mín, þið líka komnar hingað, ha? Og, hugsíð þér yður, hún svaði mér skætingi. Þessir fuglar bera enga virðingu fyrir stöðu. — Eg tilheyrir þó altént húsinu hérna.”

Þá kom ungur hrafn, öllum að óvörum, fram undan strompinum, settist á þakið og sagði hátt: “Samkvæmt skyldu minni geri eg hér með öllum kunnugt, að áminstar lóur láta mikið til sín heyra á öllum stöðum og jafnvel leyfa sér að vonast eftir endurnýjungu náttúrunnar, sem kvað eiga að koma innan skamms í ljós.”

“Tsjiri tsjirik,” sagði spörinn og gaut augunum óþolinmóðlega til fréttaberans.

Hrafninn kinkaði kalli.

“Vorið er nú þegar komið, en hvað endurnýjungu náttúrunnar viðvíkur er það að segja, að hún er góð, en þó að eins með svo feldu móti að hún sé með fullu samþykki þeirra krafta, sem þar eiga yfir að ráða.”

“Sannleikur — sannleikur,” bætti hrafninn við með áherzlu og leit vingjarnlega til ræðuskörungsins.

“Við yfirlýsinguna hefi eg því að bæta,” sagði ungi hrafninn, “að ádurnefndar lóur létu í ljós óánægju sína yfir því að vatnið í lækjunum, sem þær svala þorsta sínum með, væri gruggugt, og nokkrar þeirra kváðust vera svo djarfar að láta sig dreyma um frelsi.”

“Það er nú ekki nýtt,” sagði spörinn. “Það fylgir æskunni og er alls ekki hættulegt. Eg var líka einu sinni ungur, og þá dreymdi mig einnig um það. Samt, eins og gefur að skilja, í hófi, — en það hvarf og mig fór að dreyma um nokkuð annað, nokkuð annað, sem hefir meiri þýðingu, ha, ha, ha, og þér getið verið vissir um, nokkuð, sem var þægilegra og spörfugli, eins og mér, betur sæmandi, ha, ha.”

“A—hennu,” heyrðist í nálægð og gaukurinn tylti sér á trjágrein. Hann heilsaði fuglunum, sem fyrir voru og byrjaði undir eins með þrætugjörnum málrómi: “Hvað, herrar mínir, hafið þér ekki fundið sérstaka lykt í loftinu, hvað?”

„Það er vorloftið, herra gaukur,” svaraði spörinn.

Hrafninn beygði höfuðið til hliðar og gaf frá sér lágt hljóð, sem mest líktist jarmi.

„Hm, já, — í gær heyrði eg háættaða uglu segja: „Það lyktar af einhverju. — og eg sagði, „Já eg finn það líka, það er bezt að fara og rannsaka hvað það er. — Vel talað, þa?”

„Rétt eins og vera ber,” sagði spörinn. „En maður verður alt af að taka hlutina rólega. Góðir fuglar taka öllu með ró.”

Lævirki kom ofan úr skýjunum, settist á auðan blett og söng fjörugt um leið og hann hljóp til og frá: „Bros morgunroðans breiðir sig lægt yfir stjörnurnar. Nóttin fölnar, nóttin skelfur, og eins og snjórinn í sólskininu hverfur hin þunga slæða myrkursins. Hið vonfulla brjóst andar létt á móti ljósinu og frelsinu.”

„Hvaða fugl er þetta?” sagði gaukurinn og kreisti aftur augun.

„Það er lævirki, herra gaukur,” sagði hrafninn þurlega.

„Skáld,” bætti spörinn háðslega við í hálfum hljóðum.

Gaukurinn leit út undan sér á skáldið og sagði í óvingjarnlegum róm: „Hann er grár, flækingurinn. Hann mun eitthvað hafa bullað um sól og frelsi, er ekki svo?”

„Já, herra,” sagði hrafninn. „Hann gerir ekkert aunað en vekja vonir, sem á engu eru byggðar, í hjörtum ungra fugla.”

„Skammarlegt og heimskulegt.”

„Alveg rétt, herra” sagði spörinn. „Mjög heimskulegt. — Frelsið er eitthvað mjög óákveðið, og, eins og að orði mætti komast, óskiljanlegt.”

„Þér hafið samt, ef eg man rétt, líka dýrkað það.”

„Sannleikur,” skaut hrafninn inn í.

Spörinn varð hálf-vandræðalegur.

„Eg get því miður ekki borið á móti því, herra gaukur. Eg hefi að visu dýrkað það, en undir kringumstæðum, sem gera það afsakanlegt.”

„Nú, hvernig þá?”

„Éftir miðdagsverð, herra gaukur, eða með öðrum orðum, undir áhrifum vins, og mjög hóflega hefi eg dýrkað frelsið.”

“Hvernig þá, höflega?”

“Ég sagði lágt: ‘f relsið lifi!’ og bætti svo við hátt: ‘undir vernd laganna, auðvitað!’”

Gaukurinn leit til hrafnsins.

“Það er rétt, herra gaukur,” sagði hann.

“Sem hús-spörr vildi eg helzt ekki þurfa meira um frelsið að tala, vegna þess að það er ekki eitt af áhugamálum þess hluta félagslifsins, sem eg hef þann heiður að tilheyra.”

“Sana—leikur!” krunkaði hrafninn og bætti við í hálfum hljóðum: “honum stendur alveg á sama, hvað hann staðhæfir.”

—Og meðfram veginum runnu klidandi smálækir. Þeir sungu um ána, sem þeir við lok ferðar sinnar mundu hverfa í, sungu um langa og mikla framtíð. “Stórar, æðandi öldur munu taka okkur í arma sína og bera okkur út í hafið, og síðan munu sólargeislarnir hefja okkur upp til himins, svo föllum við til jarðarinnar aftur í daggardropum, snjóflyksum eða regni.” Hlý vorsólin skein brosandí á jörðina, hún brosti með brennandi lífsendurnýjungaraflí.

Fyrir utan garðinn situr hópur af lóum og ein þeirra syngur söng um stormfuglinn, sem hún hefir einhversstaðar heyrt:

“Vindurinn keyrir skýin saman yfir gráum haffletinum. Á milli skýjanna og hafsins þýtur stormfuglinn í gegn um loftið.

Stundum snertir hann sjóinn með vængjunum, stundum skýzt hann sem ör upp í skýin og gefur frá sér hvelt hljóð — og öldurnar finna fögnuðinn í því hljóði.

Í hljóðinu er þrá eftir storminum.

Skýin finna í því inni hyrgðan kraft reiðinnar, eld brennandi ástríðu og traustið á sigur.

Máfarnir stynja af kvíða fyrir storminum og flöggra yfir yfirborði hafsins reiðubúnir að fela sig á botni þess.

Kaffuglarnir stynja líka, stríðslöngun er þeim fjarri, þeir skjálfa við hljóð þrumunnar. Feitu, heimsku villigæsirnar leita í hræðslu sinni að klettaskoru, þar sem þær geti falið sína featu líkami fyrir storminum. — Stormfuglinn einn svífur frjáls og hugprúður yfir hvítlöðrandi öldurótið.

Neðar og neðar leggjast hin dinnu ský yfir hafið; leikandi og dansandi hefja öldurnar hvítfölduð höfuðin til að sjá hinn komandi storm.

Druman drynur. Öldurnar þreyta kapphlaup við storminn. Hann tekur þær í fang sér og slengir þeim í bræði sinni á klettana og molar þessa hörðu rísa í smáagnir. Með hvellum skræk skýzi stormfuglinn eins og elding í gegn um skýin og þyrlar upp haflöðrinu með vængjunum. — Sjá! þarna svífur hann eins og andi, eins og hugdjarfur andi þrumuveðursins. Heyr hvernig hann andvarpar, heyr hvernig hann hlær. Hann hlær að hættum og andvarp hans er fagnaðarandvarp. því í reidi þrumuveðursins heyrir hann þreytustumur, og hann, hinn vitri barlagafugl veit, að fyrir sólnni flýja skýin, og að stormurinn er bráðum á enda.

Víndurinn hvín, og þruman drynur.

Og hinn djarfi fyrirboði stormsins svífur hærra og hærra á flugi sínu: æddu sterki, lamslaus stormur!"

G. Arnason lýddi.

„Að dæmi Krists.“

SVO er bók kölluð, er skrifuð var fyrir öldum síðan af Tómasi frá Kempis. Bók sú hefir verið skoðuð sannarlegt meistaraverk fyrir sína tíð, svipað eins og kvæðið „Lilja“, eftir Eystein Ásgrímsson. Hún hefir skapað að nokkru leyti sérstakann guðsorðabóka skóla, og hefir áhrifa Tómasar kent á ýmsum tímum hjá túfræðislegum rithöfundum.


Nú síðast, fyrir nokkrum árum, kom út saga í Bandaríkjunum eftir Methodistaprest, Charles Sheldon, er hann kallar „Í sporin Hans“. Er hann þar að leitast við að sýna hversu menn fá lífað eins og Kristur. Hann hóf og þá kenningu, að það væri skylda kristinna manna að líkjast Jesú í öllu, athugandi þó ekki hve torvelt það er, væri hann í öllum skilningi guðs, eins og

Methodistar halda fram. Hann áleit að í öllum greinum væri það þó hægt, og því til sönnunar tók hann að sér dagblað í heimabæ sínum að stjórna því í viku, eins og kristur hefði gjört. Eins og hvert annað nýmæli vakti það allmikla eftirtekt, en að vikunni liðinni voru flestir orðnir leiðir á blaðinu. Annaðhvort var Kristur ekki góður ritstjóri eða Sheldon var ekki góð estírlíking Krists.

Um stund var Sheldon frægur, en það var aðeins stundar frægð, er dó út skjótt. Það var forvitnisfrægð blaðablásturs, er svalaði nýjungasýki fáfróðs lýðs, er hafði gaman af skrípa-leiknum meðan hann var nýr. En hann varð brátt gamall — eftir eina viku.

En í sama anda hafa síðan ýmsar Evangelískar hreyfingar brotist út. Nú síðast, um nýárið, austur í Cleveland í Ohio ríkinu, að um 11,000 ungra manna og kvenna lofuðust til þess, að taka sér Jesú að dæmi í heilan mánuð og lifa að öllu leyti eins og hann myndi hafa lifað hefði hann átt heima í Cleveland. En það eru ekki margir dagar liðnir þegar allra handa vafaspurningar koma upp, eins og það, hvað sú hjúkrunarkona ætti að gjöra er stundaði sjúkling er lægi fyrir dauða en yrði ástfanginn í henni. Ef hann yrði fyrir geðshræringum var lífi hans hætt. Hún vildi ekki lofast honum. Hvað átti hún að gjöra, hvað myndi Kristur gjöra?

Á atburðum eins og þessum hefir tilraun þessi strandað. Fólk má ekki spyrja sína eigin skynsemi hvað beri að gjöra, heldur hvað Hann, er það telur vera guð og lífgjafa allra hluta, myndi gjöra. Mörgum gætnum mönnum finnst ekki lítið yfirlæti í þvílíkum fyrirtækjum og kristilegheitin, er þau eiga að sýna, vera fremur sjálfsdýrð en auðmýkt andans. Að minnsta kosti er engin andleg feimni í því að segjast ætla að lifa réttlátu lífi, eins og guð. Aftur á móti meðal þeirra, er skoða Jesú sem mann, væri öðru máli að gegna, að hægt væri að fylgja honum sem fyrirmynd.



Synda - aflausnir.

[Eins og kunnugt er, var í byrjun 16 aldar, synda-aflausnar sala algeng um Norðurlálfuna. Var það eitt með öðru er hleypti Luther á stað móti páfa. Það sem hér fer á eftir er brot úr ræðu eftir Jóhann Tetzel. — ávarp til sóknarpresta. Hafði hann umboð á aflausnarsölu um Saxland, og var hinn æstasti fjandmaður Luthers.]

„**ÆRUVERÐI HERRA!** — Þess bið eg yður, að í orð-
ræðum yðar megi yður þóknast að viðhafu þau orð, er opnað fái augu og huga og komi tilheyrendum yðar til að athuga, hve mikillar náðar og gjafa þeir verði aðnjóttandi og nú öðlist við sínar heimadyr. Sæl þau augu, sannlega, er sjá hvað þeir sjá, því nú þegar eiga þeir þau vegabréf, svo þeir geta flutt sál sína, gegnum þann táradal, yfir haf hinnar æðisfullu veraldar, hvar vindur og veður og hættur bíða, yfir á Paradísar-sælunnar land. Vitið, að líf manna hér á jörð er sífellt stríð. Vér eigum í baráttu, við holdið, heiminn, djöfulinn, er stöðugt kappkosta að fyrirkoma sálinni. Í synd eium vér getnir. — Ó, hvíllk syndafjötur umvesja oss, og hve örðugt og næstum ómögulegt það er án guðlegrar hjálpar að komast að hliði hjálpræðisins; með því líka að Hann lætur oss, verða hólpna, ekki fyrir tilverknað góðra verka, er vér fáum afrekað, heldur fyrir sína guðdómlegu miskunnsemi; það er því nauðsynlegt að íklæðast herklæðum guðs.

Þér getið nú fengið vegabréf frá umboðsmanni drottins vors Jesú Krists, svo með þeim fáið þér leyst sálu yðar úr höndum óvinarins og fyrir auðmýkt og játningu á yðar ávirðingum kemið henni heilu og höldnu út úr öllum kvölum hreinsunareldsins inn í alsælunnar ríki. Því vitið, að á bréf þau er greypt og grafinn allur ávinningur Krists þínu og í ljós leiddur. Minnist, að fyrir eina og sérhverja dauðlega synd verður krafín 7 ára yðran, að aflokinni játningu og auðmýkt sálar, annaðhvort í þessu lífi eða í Helvíti.

Hve margar dauðlegar syndir eru ekki drýgðar á degi hverjum, hve margar á viku, hve margar á mánuði, hve margar á ári, og hve margar alla æfina út. Þær eru sem næst óteljandi.

og þeir, sem sekir eru, verða að líða fyrir þær endalausar þrautir í flogandi kvölum Helvítis!

En með þessum aflausnarbréfum fáið þér, á hvaða æfistund sem er, uppgjöf allra refsinga er á yður eru lagðar, í öllum sökum, að þeim fjórum undanskyldum er þáfinn einn fær veitt. Þessvegna, alla yðar æfina út, hvenar sem þér viljið játa ávirðingar yðar, þá öðlist þér aflausn syndanna, nema í þeim fjórum sökum sem þáfinn einn fær fyrirgefið, og á síðan, á dauðastundinni, fulla fyrirgefningu allrar yðar syndasektar, og hluttekningu allrar andlegrar sælu, sem til er innan stríðskyrkjunnar, á öllum stigum.

Eða vitið þér ekki, ef maður þarf að fara til Róm, eða takast aðra hættulega ferð á hendur, þá fer hann með peninga sína til víxlarans og borgar víxillaun—fimm eða sex eða tíu af hundráði,— til þess að í Róm eða öðrum stöðum, að með víxli heimti hann peninga sína aftur? Munduð þér þá ekki með einum fjórða úr flórin vilja öðlast þessi bréf, svo þér getið flutt, ekki peninga yðar, heldur yðar guddómlegu ódauðlegu sál, heilu og höldnu inn á land Paradísar.

Þessvegna ráðlegg eg, skipa og á ábyrgð mína, sem sauðahirðir, býð eg, að þeir, ásamt með mér og öðrum prestum, taki á móti þessum dýrmæta fjársjóði og sérstaklega þeir, sem ekki hafa skriftast á hinni heilögu Minningarhátíð, svo að þeir fái einnig öðlast fyrirgefninguna. Sá tími getur komið að þér munuð óska eftir, en ekki öðlast hinn minnsta hluta náðarinnar.

Ennfremur kunngjöri eg í umboði SS.D.N. páfans, þess allrahelgasta páfadæmis og þess allra tilbeiðsluverðasta umboðsmanns míns— þeim hverjum og einum, sem hagnýtt sér hafa hina heilögu Minningarhátíð og tekið aflausn, ennfremur öllum þeim er hagnýta sér þetta stundar tilboð vort og lagt hafa hönd að því að reisa hið áður nefnda hús hins Æðsta Postula (*p. c. Péturskyrkjau í Róm.*), þá verða þeir allir hluttakandi, og aðnjótandi allra bæna, veitinga, ölmusa, fasta, ákalla, messa, helgitiða, siðaskipa, pílagrímsferða, páfasteða, blessana og annara andlegra gæða, sem nú eru til eða verða til um aldur og æfi innan stríðskyrkjunnar. Og í öllu þessu, ekki

einungis þeir sjálfir, heldur kyn þeirra og ættingjar og velgjörðamennn, nú látinir; og eins og þeir eru nú hreyfðir til örlætis, svömun og guð og þeir heilögu postular, Pétur og Páll, og allir helgir menn, hverr í skamir hvílast í Róm, varðveita þá í friði í þessum tíradal og leiða þá um hann inn í hið eilífa sælurríki. — Færið eilífar þakkir hinum æruverðu sóknarprestum og prelátum, í nafni áðurnefndra og mínu etc. „

Brot þetta, úr ræðu Tetzels, er tekið úr þýðingu Pennsylvania háskólans, „Reprints from the Original Sources of European Hist.“ Eins og ræðubrot þetta, eða áskorun til sóknarprestanna ber með sér, er agt ríkt á eign „andlegra fjársjóða“ kyrkjunnar, er hún öðlast fyrir tilverknað dýrðinga sinna og fyrir dauða Jesú. Af þeim getur hún miðlað. Á þá gefur hún ávísanir gegn sanngjörnu verði. Þessi hugmynd er óaðskiljanleg allri orþodoxri kenning, hverju nafni sem nefnist, er heldur fram syndafalli, endurlausn og umboði kyrkjunnar að veita sáluhjálpar fyrir verðskuldán Jesú dauða. Alveg hið sama felst í Sakramentum hennar að réttu lagi, bæði skírnar og kvöldmáltíðar, og hefði þó Lúther eins vel mátt andæfa þeim sem syndalausnar sölunni. Ef kyrkjan á engan góðverkasjóð sem hún getur selt, þá á hún engan er hún getur gefið. Hún á þá alls engan. Og gagni ekki skrifað blað, með ákalli til guðs og innsigli vígðra manna, getur tæplega brauð og vín borið meiri kraft til sáluhjálpar, þó blessað sé. — Enda trúa því engir nú orðið.

HEIMIR

12 blöð á ári, 24 bls. í hvert sinn, auk kápu og auglýsinga.

Kostar **einn dollar** um árið. Borgist fyrirfram.

ÚTGEFENDUR: NOKKRIR ÍSLENDINGAR Í VESTURHEIMI.

Afgreiðslustofa blaðsins: 582 Sargent Avenue.

RITSTJÓRI: Rögnvaldur Pétursson, 533 Agnes Street.

PRENTARI: Gísli Jónsson, 582 Sargent Ave.